

EFTIRLITSSKÝRSLA

Kalkþörungafélagið Bíldudalur



Dags eftirlits	21.6.2013	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Kalkþörungafélagið	Fulltrúi UST	
Heimili	Hafnarteigi 4, Bíldudal	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	680601-2670	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Silja Baldvinsdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur Valgeir Magnússon	Staðsetning	288910,327 584086,181

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frá starfsleyfi kom fram við eftirlit hvað varðar svifagnir í sjó og tvær athugasemdir voru gerðar hvað varðar skil á útstreymisbókhaldi og grænu bókhaldi.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfi og minnt á skiladaga skv. því.

Ekki var farið yfir mælingar í rykhreinsibúnaði þar sem þær höfðu ekki verið framkvæmdar þegar eftirlitið fór fram en mæla á á næstu vikum og verða niðurstöður sendar stofnuninni um leið og þær berast.

Farið var yfir mælingar á svifögnum frá setlóni og niðurstöður þeirra ræddar. Mælingar í mars 2013 eru yfir mörkum á einum stað, nr. 2, eða 2,7 mg/L en í gr. 2.4. í starfsleyfi er kveðið á um að styrkukningin skuli vera undir 2 mg/L. Í framhaldi af því var farið yfir niðurstöður síðasta eftirlits þar sem fram kom eitt frávik hvað varðar svifagnir í sjó. Verið er að vinna við stækkun verksmiðjuna og samhliða því ætlað rekstraraðili að sækja um nýtt starfsleyfi. Í því er gert ráð fyrir lausnum varðandi setlónið og hvernig koma megi í veg fyrir að magn svifagna í sjó eftir dælingu fari yfir mörk starfsleyfisins. Rekstraraðili sendir stofnuninni hugmyndir af útfærslu setlóns og að öðrum breytingum sem fyrirhugaðar eru, fyrir 1. september 2013.

Farið var yfir botnsýnatöku og setmyndun sem unnin var af Jarðfræðistofu Kjartans Thors þann 3. og 4. apríl sl. eins og kveðið er á um í vöktunaráætlun skv. gr. 5.1 í starfsleyfi. Fram kemur að ekki er talið að grugg frá verksmiðjunni hafi haft áhrif á hafsbottinn við verksmiðjuna og lítil ummerki sjást á hafsbotti eftir verksmiðjustarfseminu. Telur rannsóknaraðili að ekki sé þörf á eins tíðum mælingum og kemur fram í vöktunaráætlun og verður lögð fram endurskoðuð vöktunaráætlun samhliða umsókn um nýtt starfsleyfi í haust.

Útstreymisbókhaldi var skilað í eftirliti.

Gengið var um plan verksmiðjuna og setlón skoðað. Verið var að dæla þörungum frá dæluskipi yfir í setlón og mátti greina um 3-5m breitt gruggsvæði út frá bakka setlónsins og úti í sjó. meðfram setlónsbakkanum. Efnismagn lónsins nam rétt við yfirborð setlónsins og mátti greina kúf í miðju lónsins þar sem efnismagnið var að safnast upp. Töluverður vökvi var í lóninu og var við það að flæða yfir garðinn.

Nýja stækkunin var skoðuð og áætlanir þar um útskýrðar.

Frávik frá	Lýsing á frávikum
gr. 2.4 í starfsleyfi	Skv. gr. 2.4 í starfsleyfi skal styrkukning svifagna í sjó vera undir 2 mg/L. Mælingar á sýnum sem tekin voru 1. mars 2013 sýndu að styrkur svifagna fór yfir gefin mörk í einu sýni, merkt 2, eða í 2,7 mg/L.

ATHUGASEMDIR


Útstreymisbókhaldi á að skila fyrir 1. maí ár hvert en útstreymisbókhaldi ársins 2012 var skilað í eftirliti.

Grænu bókhaldi fyrir árið 2012 var skilað inn þann 23. maí 2013. Bent er á að skilafrestur er 1. maí ár hvert.

ANNAÐ

Verið er að stækka verksmiðjuna og vinna við það langt komin. Stefnt er að því að prufukeyra hitara í byrjun júlí og reiknað með að vinnsla hefjist í lok ágúst. Reiknað er með að aukinn útblástur og ryk geti komið fram á meðan verið er að stilla verksmiðjuna af og verður send tilkynning til eftirlitsaðila áður en sú vinna hefst og einnig að henni lokinni.

Reykjavík, 22.08.2013



Guðbjörg Stella Árnadóttir

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.